

Fundargerð 120. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2019, þriðjudaginn 4. júní kl. 12:00 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Magnea Hreinsdóttir, Einar Már Sigurðarson (í fjarfundi), Helgi Arnarson, Margrét Halldórsdóttir og Skúli Þór Helgason (fór kl. 13:50).

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi, Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir lögfræðingur, Helga Guðrún Jónasdóttir samskiptastjóri (frá kl. 12:25-13:00) og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamálum, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skólaþing sveitarfélaga 2019 - 1905025SA

Skólaþing sveitarfélaga verður haldið 4. nóvember nk. Skólateymi fundaði í maí um mögulegar áherslur þingsins sem lagðar voru fyrir fræðslumálanefnd til frekari umfjöllunar. Tillögurnar voru eftirfarandi:

1. Framtíðarskipan skólakerfisins
2. Innleiðing starfsnámsárs í kennaranámi
3. Nemendur af erlendum uppruna - skóla- og frístundaþjónusta
4. Skólaforðun og skólasókn - næstu skref

Skólakerfið hefur þróast umtalsvert frá yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga árið 1996. Nýjustu ákvarðanir stjórnvalda ríkisins fólu í sér styttingu bóknámsbrauta framhaldsskóla auk þess sem stjórnvöld boða að öllum börnum skuli boðin leikskólavist við 12 mánaða aldur.

Fræðslumálanefnd hugnaðist vel tillaga eitt og lagði til að unnið yrði með hana áfram. Undir hana gætu fallið nánast allir aðrir þættir sem nefndir voru en mikilvægt væri að afmarka viðfangsefni vel og ætla sér ekki um of. Lagði nefndin áherslu á að starfshættir og áherslur skólakerfisins þyrftu að þjóna þörfum og áhuga nemenda og búa þá undir framtíðina auk þess að endurspeglar þróun og þarfir samfélagsins. Skólamálafulltrúi mun vinna úr ábendingum fræðslumálanefndar og senda henni tillögur til frekari skoðunar.

2. Innleiðing starfsnáms kennaranema á 5. ári - 1609007SA

Sambandið hélt kynningarfund um innleiðingu starfsnámsárs 29. maí sl. fyrir skólastjórnendur leik- og grunnskóla, starfsfólk fræðsluskrifstofa og skólanefndir. Fór fundurinn fram í gegnum streymi eingöngu. <https://www.samband.is/verkefni/skolamal/skolathing-og->

malstofur/starfsnamsar/. Á fundinum fóru Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi, Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á kjarasviði og Vigdís Häsler, lögfræðingur, yfir helstu þætti er varða skipulag og innleiðingu starfsnámsársins. Þau, ásamt þeim Þorsteini Sæberg, formanni SÍ og Sigurði Sigurjónssyni, formanni FSL er einnig sátu fundinn, svöruðu fyrirspurnum að loknum kynningum. Til umræðu voru næstu skref, ábyrgð og eftirfylgni með aðgerðum. Fulltrúi menntamálaráðuneytis, Sonja Dögg Pálsdóttir, formaður ráðgjafarnefndar með starfsnámsári sat þennan fundarlið.

Fram kom í máli SDP að aðgerðir stjórnvalda virtust þegar vera farnar að skila árangri því merkja mætti talsverða aukningu umsókna í kennaranám fyrir komandi haust. Fram hefur komið óánægja meðal skólastjórnenda með að ekki skuli hægt að ráða kennaranema í starfsnám nema að undangenginni tveimur auglýsingum og undaþágufarli líkt og um óbreytta leiðbeinendur væri að ræða. Fræðslumálanefnd taldi einboðið að þetta þyrfti að laga því skipulagi lokanámsárs kennaranema hefði verið breytt með aðgerðum stjórnvalda og stöðu kennaranema og umrædda breytingu á námi þeirra þyrfti að tryggja með stoð í lögum, í.þ.m. jafnlengi og aðgerðir stjórnvalda tækju til. Fram kom í máli SDP að um þá lausn stæði ágreiningur milli hagsmunaaðila en þetta yrði rétt á fundi ráðgjafarnefndarinnar, sem fundu mun nokkuð ört til að byrja með. Fram kom hjá SDP að fyrir liggur m.a. að leysa úr máli 5 kennaranema við HA sem ekki geta fengið starfsnámsstöður á Akureyri vegna þess hversu vel skólarnir eru mannaðir réttindafólki. Fræðslumálanefnd fagnaði þessum aðgerðum stjórnvalda og lagði áherslu á að þeim yrði fylgt markvisst eftir í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila. Skólamálafulltrúi situr í ráðgjafarnefnd sem aðalfulltrúi sambandsins og Vigdís Häsler, lögfræðingur, til vara.

3. Stefnumótun fjárveitinga vegna menntunar fyrir alla - 1703065SA

Ragnar Þorsteinsson, starfsmaður stýrihóps um eftirfylgd með úttekt Evrópumíðstöðvar á opinberri menntastefnu kom á fundinn og greindi frá stöðu verkefnisins. Hann sagði skipunartíma stýrihóps vera út þetta ár og óskaði eftir afstöðu fræðslumálanefndar til þess að framlengja hann. Hann kynnti hugmyndir um að komið yrði á fót tilraunaverkefni í fjórum sveitarfélögum sem miðaði að endurskoðun á fjármögnun til skólaþjónustu á grundvelli líkans Evrópumíðstöðvar um stefnumótun fjárveitinga fyrir menntun fyrir alla. Nokkur sveitarfélög hafa þegar sýnt áhuga á þátttöku í slíku verkefni en óska eftir því að gengið verði frá aðkomu þeirra að verkefninu með formlegum hætti milli menntamálaráðuneytis og sambandsins. Evrópumíðstöðin hefur boðist til að sinna ráðgefandi hlutverki við framkvæmdina.

Fræðslumálanefnd lýsti áhuga á verkefninu en undirstrikaði mikilvægi þess að það væri formgert og fjármagnað. Lagt var til að haldinn yrði fundur með þátttakendum þar sem verkefnið yrði skýrt betur. Þá telur fræðslumálanefnd að framlengja þurfi skipunartíma stýrihóps til þess að ljúka megi þeim verkefnum sem úttekt Evrópumíðstöðvar gerir ráð fyrir. Eftirfarandi bókun var gerð:

"Fræðslumálanefnd sambandsins leggur til að skilgreint verði tilraunverkefni um stefnumótun í fjárveitingum til skólaþjónustu á grundvelli líkans Evrópumíðstöðvar. Verkefnið verði samstarfsverkefni sambandsins, þáttökusveitarfélaga og menntamálaráðuneyti sem leiðir það. Vinna þarf kostnaðaráætlun ásamt tillögu að fjármögnun verkefnisins og skilgreina skyldur og ábyrgð hagsmunaaðila. Kostur væri

ef fenginn yrði verkefnisstjóri í hlutastarf til að stýra verkefninu."

4. Vorfundur Grunns - félags stjórnenda á skólaskrifstofum. - 151127SA

Vorfundur Grunns var haldinn á Siglufirði dagana 6.-8. maí sl. Meirihluti skólateymis sambandsins sat fundinn og lagði fram minnisblaðtil kynningar og umfjöllunar. Tvær ályktanir frá Grunni voru lagðar fyrir fræðslumálanefnd til umfjöllunar. Ályktun um að taka til gagngerrar endurskoðunar sjóðaumhverfi vegna starfspróunar kennara og stjórnenda og ályktun um tilraunaverkefni, sbr. 3. dagskrárlið. Fram kom hjá Helga Arnarsyni, sem er formaður stjórnar Grunns, að stjórnin muni senda sambandinu beiðni um að vinna viðmið, í samstarfi við fræðslustjóra, um úthlutun fjármuna til reksturs leik- og grunnskóla.

Fræðslumálanefnd tekur undir með stjórn Grunns um mikilvægi endurskoðunar á reglum um ráðstöfun fjármuna úr starfspróunarsjóðum og sjóðum til þróunvarverkefna í skólum. Afar þýðingarmikið sé að auka skilvirkni þeirra fjármuna og setja hagsmuni nemenda og framtíðarskólustarfs í forgrunn í því samhengi. Varðandi síðari ályktunina vísast í bókun fræðslumálanefndar undir 3. dagskrárlið.

5. Könnun um fyrirkomulag talmeinaþjónustu við börn - 1901064SA

Niðurstöður könnunar sambandsins um fyrirkomulag talmeinaþjónustu við börn voru kynntar og tillaga samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga ("grábókarnefndar") um breytt fyrirkomulag í kjölfar þeirra. Í tillögunni felst að ábyrgð á allri talmeinaþjónustu við börn og þjálfun verð færð til skólaskrifstofa sveitarfélaga ásamt þeim fjármunum sem skilgreindir eru hjá Sjúkratryggingum Íslands til þeirra verkefna samhliða. Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur og Valgerður Freyja Ágústsdóttir sáu um að fara yfir helstu þætti málsins. Fram kom í máli VPÁ og TP að fjöldi aðila skilaði inn umsögn um tillöguna í sérstakri samráðsgátt og allar voru þær af jákvæðum toga nema frá Félagi talmeinafræðinga, sem fundu henni flest til foráttu. Til stendur að funda sérstaklega með félaginu og heyra betur röksemdir fyrir afstöðu þeirra.

Fræðslumálanefnd bókaði eftirfarandi:

"Fræðslumálanefnd sambandsins telur að tillaga um breytt fyrirkomulag talmeinaþjónustu við skólabörn geti skapað ýmis tækifæri til úrbóta. Nefndin styður endurskoðaða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga yfir þriggja ára reynslutímabil en telur jafnframt ljóst að samhliða breyttu fyrirkomulagi verði að grípa til aðgerða til að fjölga talmeinafræðingum. Þess er sérstaklega farið á leit að mennta- og menningarmálaráðuneytið efni til samráðs um áætlunargerð sem miðar að því marki. Vandað kostnaðarmat þurfi að liggja fyrir og hafa til hliðsjónar þá þróun sem orðið hefur á síðustu misserum."

6. Málþing um skólasókn og skólaforðun - eftirfylgni - 1905015SA

Málþing sambandsins, í samstarfi við Velferðarvaktina og Umboðsmann barna um skólasókn og skólaforðun var haldið 20. maí sl. Ljóst er að vinna þarf áfram með málið og koma því í skilvirkan farveg. Óskað var eftir tillögum fræðslumálanefndar að næstu skrefum.

Fræðslumálanefnd er sammála mikilvægi þess að vinna áfram með skólaforðun og að æskilegt sé að setja niður opinber viðmið um skólasókn og viðbrögð við

skólaforðun. Í sumum sveitarfélögum hefur farið fram ítarleg vinna við að skilgreina vandann og vinna með hann. Lagt var til að frá sambandinu færi hvatning til skóla og sveitarfélaga um slíka vinnu og kanna þyrfti hug menntamálaráðuneytis, Heimilis og skóla o.fl. hagsmunaaðila til samstarfs um slík miðlæg, opinber viðmið. Fram kom að tillögur Velferðarvaktarinnar í kjölfar könnunar á skólasókn og skólaforðun væru komnar til stýrihóps stjórnarráðsins um málefni barna.

8. Námsleyfi 2020-2021 - 1906001NA

Klara E. Finnbogadóttir, starfsmaður Námsleyfasjóðs, óskar eftir hugmyndum skólamálanefndar að áherslusviðum Námsleyfasjóðs vegna skólaársins 2020-2021. Farið var yfir áherslusvið fyrri ára og rætt um hvað efst væri á baugi í dag í umræðu um skólastarf og nemendur.

Fræðslumálanefnd lagði til að eftirfarandi áherslusvið yrðu skoðuð:

1. Hegðunar- og tilfinningavandi
2. Teymiskennsla
3. Fjölbreyttir kennsluhættir
4. Hugmyndir sem koma fram í skýrslu Reykjavíkurborgar um starfsþróun (Ingvar Sigurgeirsson o.fl.)

7. Skólateymi sambandsins - fundargerð 57. fundar - 1601010SA

Fundargerð 57. fundar skólateymis sambandsins lögð fram til kynningar og umfjöllunar um einstaka liði.

9. Endurmenntunarsjóður grunnskóla 2019-2020 - 1812002NA

Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2019 er lokið. Alls bárust umsóknir um styrki til 198 verkefna frá 72 umsækjendum upp á rúmar 113 milljón króna. Áveðið var að veita öllum verkefnum styrki og nam heildarfjárhæð styrkloforða kr. 49.908.000.

Áherslusvið sjóðsins að þessu sinni voru verkefni sem tengjast skóla margbreytileikans, heilbrigði og velferð nemenda og eflingu íslenskrar tungu í öllum námsgreinum. Margar umsóknir bárust til slíkra verkefna. Töluvert var sótt um verkefni sem er ætlað að bæta líðan og félagsfærni nemenda og stuðning við tvítyngda nemendur og nemendur með lestrarörðugleika. Jafnframt var sótt um verkefni sem miða að því að auka færni kennara og nemenda í tölvu- og upplýsingatækni.

Fundi var slitið kl. 14:45

Anna Magnea Hreinsdóttir

Einar Már Sigurðarson

Helgi Arnarson

Margrét Halldórsdóttir

Skúli Þór Helgason